

Garðabær-Bæjarskrifstofur
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Reykjavík 23. ágúst 2018
UST201806-227/K.S.J.
10.04.02

Efni: Aðalskipulag Garðabæjar 2018 - 2030 - Vífilsstaðaland og Hnoðraholt

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Garðabæjar er barst 19. júní sl. þar sem óskað er umsagnar um lýsingu tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2018 – 2030 sem felst í breytingum er snerta Vífilsstaðaland.

Skipulagssvæðið

Í lýsingu kemur fram að skipulagssvæðið er um 345 ha að stærð og liggur austan Reykjanesbrautar og nær til Hnoðraholtis, Vetrarmýri, Leirdalsops, Spítalasvæðis, Vífilsstaðahrauns, Smalaholtis, Rjúpnadals og Rjúpnahæðar.

Reitur 4.01 S


Reitur 4.01 er litaður appelsínugulum lit stofnana í nágildandi aðalskipulagi og í greinargerð er fjallað um reitinn í kafla 3.6 Samfélagsþjónusta. Þar kemur fram að reitur 4.01 S nær yfir Vífilsstaði og nágrenni og er alls 24,9 ha. Einnig kemur fram að þar er skipulagsákvæði um blandaða byggð, stofnanir og íbúðir. Umhverfisstofnun bendir á að í lýsingu virðist vera gert ráð fyrir nokkuð þéttri byggð stofnana og íbúða á ofangreindum reit. Umhverfisstofnun bendir einnig á að næstu reitir í suður og austur eru friðlýst svæði Svínahraun og Vífilsstaðavatn og svæðið suður af því. Stofnunin telur að mjög þétt byggð geti haft ásýndaráhrif á hin friðlýstu svæði og telur að vanda þurfi áætlanir um byggingar á stofnanasvæðinu. Stofnunin bendir einnig á gr. 54. *Um starfsemi og framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013, en þar kemur eftirfarandi fram: „Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt. Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfseminni eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði. Um aðra starfsemi og framkvæmdir gildir aðgæsluskylda skv. 6. gr.“*

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að tekið sé tillit til hinna friðlýstu svæða við alla áætlanagerð á stofnanasvæði reit 4.01 S.


Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemd við ofangreinda lýsingu.

Umhverfisstofnun biðst velvirðingar á hve langan tíma hefur tekið að svara erindinu.

Virðingarfyllst



Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur



Björn Stefánsson
Sérfræðingur